


METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 29.10.14 – 04.11.14



1 Kamp Knox
Arnaldur Indriðason



2 Læknirinn í eldhúsinu
Veislan endalaus
Ragnar Freyr Ingvarsson




3 Orðbragð
Brynja Þorgeirsdóttir
Bragi Valdimar Skúlason



4 Vísindabók Villa 2
Vilhelm Anton Jónsson



5 Gula spjaldid í Gautaborg
Gunnar Helgason



6 Kamp Knox
Flugstöðvarútgáfa
Arnaldur Indriðason



7 Arfurinn
Borgar Jónsteinsson



8 Í innsta hring
Viveca Sten



9 Saga þeirra, sagan mín
Helga Guðrún Johnson



10 Jólin hans Hallgríms
Steinunn Jóhannesdóttir

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT



Ta tí tí tamm tamm

Þ

HELGARPÍSTILL



Hannes
Friðbjarnarson
hannes@
frettatiminn.is

Þegar ég var ungur drengur í grunnskóla þá man ég það að strákarnir í bekknum mínum áttu flestir erfitt með að halda einbeitingu í skólastofunni. Hvort sem það var verið að kenna stærðfræði, stafsetningu eða kristinfræði. Oft og íðulega þurftu kennararnir að segja okkur að hafa hljótt og vera ekki að trufla stelpurnar, sem einhverja hluta vegna áttu miklu auðveldara með að einbeita sér en við strákarnir. Svona var þetta alla daga nema þegar kom að því að fara í leikfimi eða tónmennt. Í tónmenntastofunni fengum við hlutverk sem við gátum einbeitt okkur að. Hvort sem það var við söng eða það sem okkur líkaði öllum betur, að spila á hljóðfæri. Ég man að við lágum stundum á hurðinni áður en kennarinn kom til að vera fyrstir inn og ná bestu hljóðfærunum. Minningin sem ég hef úr þessum tímum er mjög skýr. Ég man ekki eins mikið úr dönskutímum.

Undanfarna daga hef ég hugsað enn meira um þetta sökum verkfalls tónmennta- og tónlistarkennara. Að mínu viti er þetta nám í grunnskólum alveg jafn mikilvægt og stærðfræðin eða smíðin eða handavinnan, hvað þá kristinfræðin. Það sem krakkar taka úr þessu námi er tilfinningin fyrir tónlist. Auðvitað er það misjafnt eftir krökkum hvernig þau nýta sér tónmenntakennsluna, alveg eins og stærðfræðina. Í tónmenntakennslu er meðal annars samsöngur, það hefur engum orðið meint af því að syngja svolítið. Á fullorðinsárum syngur fólk mismikið og sumir ekkert, en það eru fáir sem hafa ekki hafa sungið barnið sitt í svefn, alveg burtséð frá árangri og yfirleitt eru það lögín sem manni voru kennd í æsku sem verða þar fyrir valinu, og oftast úr tónmenntakennslunni. Margir syngja þjóðsönginn þegar þeir fara á kappleiki. Ef ekki hefði verið fyrir tónmenntakennsluna þá mundi ég ekki kunna þennan blessaða lofsöng. Við getum sungið Öxar við ána á 17. júní, við getum sungið Frost á Fróni á þorrablótum. Við getum sungið Maistjörnuna þegar við erum í stuði. Á jólnum getum við sungið Heims um ból og talið í Nóttin var sú ágæt ein ef það er beðið um meira, og svo eru ótalmörg lög sem við getum sungið þó við gerum það ekkert endilega. Þetta er afleiðing tónmenntakennslu.

Það kom mér á óvart að vita það að tónmenntakennarar hafa ekki með sömu laun og aðrir kennarar þrátt fyrir nám á sama kennslustigi. Hverju sætir það? Auðvitað spyr maður sig að því hvort félag tónmenntakennara hafi sofíð á verðinum eða hafi ekki verið nógu hart í sínum samningaviðræðum í gegnum tíðina. Ég spyr mig líka að því hvort við, fólk í landinu, viðurkennum ekki þessa stétt

að sömu verðleikum og leikfimikennara? Fyrst staðan er þessi þá held ég því miður að það sé ástæðan. Við tökum tónmenntakennslu ekki alvarlega og þess vegna er svona komið fyrir tónmenntakennurum. Hvenær ætlum við að læra það að öll stig menntakerfisins eru jafn mikilvæg? Hvort sem það er í leikskólanum þar sem gott fólk sér um börnin okkar á meðan við gerum okkur ómissandi í atvinnulífinu, eða í grunnskólunum þar sem allar námsgreinar ættu að vera jafn mikilvægar.

Ég þarf ekki að tíunda hér hvað skapandi greinar eru mikilvægar fyrir þjóðarbuíð. Ég á allvegana ekki að þurfa það. Það sem mér finnst ég þurfa að ræða er samt krafa okkar sem foreldra að börnin okkar fái að njóta þess að vera í skólanum. Vissulega eru allar kennslustundir og allar kennslugreinar til þess gerðar að kenna börnunum okkar og að þeim líði vel, en það er staðreynd að með því að vera í skapandi umhverfi lifur öllum betur. Ég er sannfærður um það að ef börn eru í skapandi greinum í bland við þessar hefðbundnu sem eru kenndar, náist betri árangur í öllu sem þau gera. Krakkar þurfa að fá að tjá sig, þeir þurfa að öskra, syngja, berja á trommur og pianó. Á meðan tónmenntakennarar eru í verkfalli er enginn staður fyrir þetta tjáningarfrælsi, nema í leikfimi sem er jafn mikilvæg. Við getum ekki ætlast til þess að krakkar séu bara sáttir við að deila og leggja saman, skrifa stíla og kynna sér danska málfræði ef þeir fá ekkert að gera annað á milli. Það er enginn að fara að syngja margföldunartöfluna.

Þegar ég var í grunnskóla, sérstaklega í gagnfræðaskóla, þá átti ég ekkert sérstaklega auðvelt með nám og spurði stærðfræðikennarann minn oft og íðulega hvenær ég þyrfti á þessari algebru að halda í framtíðinni. Kennarinn, sem var frábær manneskja og ég hafði gaman af, sagði að það kæmi mjög oft að því í lífinu að ég mundi nota algebruna svo þar við sat. Undanfarnin misseri hef ég hugsað um þetta og enn hef ég komist af án þess að nota algebruna. Stærðfræðikennarar líta nefnilega á hlutina öðruvísi. Þegar ég horfi á vegaskilti þar sem stendur „Akureyri 440 km“ þá sjá stærðfræðikennarar „Akureyri (x-2)(x+3)“ en við erum bara ekki öll þannig. Ég hef samt hitt þennan stærðfræðikennara á tónleikum nokkrum sinnum og virðist hún hafa gaman af tónlist.

Við verðum að berjast fyrir rétti tónmenntakennara því um leið erum við að berjast fyrir rétti barnanna sem munu erfa þetta land. Þau verða að fá að tjá sig. Þau munu eignast börn á lífsleiðinni og það er enginn að fara að diffra þau í svefn.

$$a^n = \underbrace{a \cdot a \cdot \dots \cdot a}_n$$

